

Fundargerð

4. fundar í Erfðanefnd landbúnaðarins
Keldnaholti, 19. maí 2004 kl. 10-12

Mættir aðalmenn:

Áslaug Helgadóttir, formaður, Emma Eyþórsdóttir, Ríkhart Brynjólfsson, Guðni Guðbergsson, Jón Viðar Jónmundsson, Aðalsteinn Sigurgeirsson

Fjarverandi: Ævar Petersen

1. Samþykkt dagskrár

Formaður kynnti dagskrá sem send hafði verið út og bað Emmu að rita fundargerð.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

3. Staða mála frá síðasta fundi

Formaður gerði grein fyrir framgangi mála og lagði fram yfirlit þar um. Styrkur til Eigenda og ræktendafélags landnámsheimsna (275 þús.) var greiddur í samræmi við ákvörðun nefndarinnar. Félagið stóð fyrir sýningu í Húsdýragarðinum 24. apríl og gaf út myndarlegt blað. Sömuleiðis var styrkur til Sigríðar Jóhannesdóttur (250 þús. – fyrri greiðsla) greiddur. Sigríður lauk kandidatsprófi við LBH nú í vor og skilaði ritgerð. Haldin var málstofa um erfðaauðlindir í landbúnaði 19. mars 2004, og tileinkuð Stefán Aðalsteinssyni. Þátttakendur voru um 50. Erfðanefnd skilaði umsögn um frumvarp til laga um yrkisrétt og voru athugasemdir nefndarinnar teknar til greina. Skýrsla um störf nefndarinnar 2003 hefur verið send til landbúnaðarráðuneytis.

4. Fjárhagsstaða

Formaður lagði fram yfirlit um fjármál nefndarinnar 2003 og áætlun um ráðstöfun fjármuna 2004, sem samþykkt var á síðasta fundi. Uppgjör vegna málstofu á Hótel Loftleiðum sýnir að kostnaður varð minni en áætlað var. Stærstu útgjaldaliðir ársins eru stofnverndarframlag vegna geitastofnsins (1200 þús.) og styrkir til einstakra verkefna (2000 þús.).

5. Reglugerð um verkefni erfðanefndar landbúnaðarins

Formaður skýrði frá því að lokadrög að reglugerð liggja nú fyrir hjá landbúnaðarráðuneytinu en þau eru afrakstur vinnu erfðanefndar og nefndar um endurskoðun laga um innflutning dýra. Óskað hefur verið eftir umsögnum og farið yfir þær en drögin hafa ekki verið afgreidd frá ráðuneytinu. Formaður mun fylgja málinu eftir hjá landbúnaðarráðuneyti.

6. Reglur um úthlutun styrkja

Formaður lagði fram tillögu að reglum um styrkveitingar á vegum erfðanefndar landbúnaðarins. Reglurnar voru samþykktar með nokkrum orðalagsbreytingum.

Bókun:

Reglur um styrkveitingar voru samþykkt með orðalagsbreytingum. Styrkir verða auglýstir í blöðum og á heimasíðum stofnana sem eiga fulltrúa í erfðanefnd. Umsóknarfrestur verður til 15. júlí 2004.

7. Kynningarmál

Emma skýrði frá undirbúningi að útgáfu bæklingis um íslensk búfjárkyn sem erfðanefnd hefur ákveðið að styrkja. Ólafur R. Dýrmundsson hefur umsjón með útgáfunni ásamt Emmu. Texti er í smíðum og áformað er að bæklingurinn verði á þremur tungumálum, íslensku, norsku og ensku og ríkulega myndskreyttur. Áætlað er að bæklingur komi út fyrir norræna fundi sem haldnir verða á Akureyri 12.-13. ágúst.

8. Alþjóðlegt samstarf

Nefndarmenn skýrðu frá þátttöku sinni í norrænu og alþjóðlegu samstarfi varðandi erfðaaauðlindir í landbúnaði.

- Áslaug Helgadóttir skýrði frá starfi Þorteins Tómassonar í „Nordisk Genressursråd“ (NGR) en þar er unnið að stefnumörkun fyrir tímabilið 2005-2008.
- Emma Eyþórsdóttir sagði frá fundi á vegum NGH sem haldinn var á Gotlandi í byrjun maí og fjallaði um möguleika á nýtingu staðbundinna búfjárkynja til að framleiða sérmerktar matvörur.
- Aðalsteinn Sigurgeirsson skýrði frá þátttöku Íslendinga í EUFORGEN og Nordic network for forest gene conservation.
- Áslaug Helgadóttir skýrði frá starfi NGB og námsstyrkjum í formi dvalar við NGB þar sem hægt er að vinna að verkefnum á sviði erfðaaauðlinda í plöntum. Erfðanefnd getur haft frumkvæði að slíkum verkefnum.

9. Önnur mál

- Erfðanefnd hefur borist afrit af bréfi frá Geitfjárræktarfélagi Íslands til Embættis yfirdýralæknis vegna niðurskurðar á geitum á svæðum þar sem riða kemur upp í sauðfé. Erfðanefnd fylgist með málinu en hefur ekki möguleika á að grípa inn í stjórnsluaðgerðir Yfirdýralæknis.
- Formaður sagði frá skýrslu um réttindi og eignarhald á erfðaaauðlindum, sem unnin var á vegum NGR og skýrði frá alþjóðlegu samkomulagi um skiptingu hagnaðar og aðgang að erfðaaauðlindum, sem gert var í nóv. 2001 í framhaldi af Ríó samningnum (CBD). Samkomulagið nær til ræktaðra plöntutegunda samkvæmt skilgreindum lista og eiga tegundirnar að vera öllum aðgengilegar til rannsókna og kynbóta. Ísland á eftir að staðfesta þetta samkomulag.
- Formaður sagði frá yfirlýsingu ráðherrafundar Norðurlandanna í Kalmar í júní 2003 en samkvæmt henni er allt erfðaefni sem varðveitt er á vegum NGB sameign Norðurlandanna. Hvert ríki þarf að staðfesta yfirlýsinguna fyrir sitt leyti. Formaður gerir

tillögu að yfirlýsingu fyrir hönd Íslands og sendi landbúnaðarráðherra til staðfestingar í ríkisstjórn.

- Formaður minnti á norræna fundi á Akureyri 12. og 13. ágúst n.k. og hvatti nefndarmenn til að sækja þá.
- Aðalsteinn sagði frá verkefnum sem varða skráningu erfðaauðlinda í skógarplöntum og yfirlit um tegundir og útbreiðslu þeirra í skrudgarðyrkju.
- Guðni sagði frá alþjóðlegri ráðstefnu um þróun fiska sem haldin verður á Sauðárkróki 17. – 20. ágúst.

10. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn í ágúst vegna afgreiðslu styrkumsókna. Fleira ekki gert og fundi slitið kl.12.